



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2020

R20030260

Borgarráð

Tillaga að framlengingu á innheimtureglum Reykjavíkurborgar vegna Covid-19

Lagt er til að Borgarráð samþykki framlengingu á tímabundnum breytingum á innheimtureglum Reykjavíkurborgar þannig að heimilt verði að fresta leigugreiðslum vegna október, nóvember og desember 2020 vegna Covid-19. Gjaldalagi og eindagi greiðslna sem frestað verður að uppfylltum skilyrðum verður 15. janúar 2022 enda sýni leigutakar fram á að minnsta kosti þriðjungs tekjutap miðað við sama tíma árið 2019.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti þann 2. apríl og 2. júlí sl. tímabundna breytingu á innheimtureglum Reykjavíkurborgar. Fólu þær í sér meðal annars að leigutakar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar gátu óskað eftir frestun greiðslu leigu á allt að sjö greiðslum sem eru á gjalddaga fyrir mars til september 2020 vegna Covid-19 enda sýni þeir fram á að minnsta kosti þriðjungs tekjutap miðað við sama tíma árið 2019. Sama gilti um leigutaka hjá eignasjóði sem eru í húsnæði í eigu annarra enda samþykki leigusali Reykjavíkurborgar að fresta greiðslu leigu til sama tíma. Nokkrir leigutaka hafa nýtt sér þetta ákvæði og er lagt til að heimilt verði að bæta við frestun greiðslna vegna október, nóvember og desember 2020 til viðbótar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

FÁST-LBE-0199 Reglur um frestun leigugreiðslna af leigu þriðja aðila í húsnæði Reykjavíkurborgar
(óuppfærðar)

Númer skjals:	FÁST-LBE-199
Skjalalykill:	01.01.06 Innheimtureglur
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	02.04.2020
Síðast rýnt/næst rýnt:	02.04.2020 /02.04.2021
Ábyrgðarmaður:	Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

FÁST-LBE-199 Reglur um frestun leigugreiðslna af leigu þriðja aðila í húsnæði Reykjavíkurborgar.

1. Markmið

Borgarráð samþykkti á fundi 26. mars 2020 fyrstu aðgerðir til að bregðast við áfallinu sem Covid-19 faraldurinn hefur í för með sér með áherslu á velferð borgarbúa, afkomu þeirra og grunnstoða borgarsamfélagsins sem þurfa að standa af sér víðtækar afleiðingar faraldursins.

Markmið aðgerðanna er að stytta niðursveifluna eins og kostur er, verja lífsafkomu og líf skjör allra borgarbúa, styðja við endurreisn fyrirtækja og atvinnulífs og skapa á ný fjölbreytta og blómlega framtíð í lífsgæðaborg.

2. Ábyrgð

Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á að svörun erinda og afgreiðslu þeirra.

3. Framkvæmd

Leigutakar hjá eignasjóði sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar geta óskað eftir frestun greiðslu leigu á allt að fjórum greiðslum sem eru á gjalddaga fyrir mars, apríl, maí og júní 2020 enda sýni þeir fram á að verða fyrir verulegu tekjutapi miðað við sama tíma árið 2019 vegna sérstakra aðstæðna sem nú er í gangi.

Sama gildir um leigutaka hjá eignasjóði sem eru í húsnæði í eigu annara enda samþykki leigusali Reykjavíkurborgar að fresta greiðslu leigu til sama tíma.

Við mat á því hvort um tekjufall er að ræða skal miða við a.m.k. þriðjungssamdrátt í rekstrartekjum yfir heilan mánuð samanborið við sama mánuð árið 2019.

Gjalddagi og eindagi greiðslna sem frestað að uppfylltum skilyrðum verður 15. janúar 2021. Leigugreiðslur sem frestast bera ekki vexti né taka breytingum á vísitölu.

Frestun greiðslu leigu gildir ekki fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar né þá leigutaka hjá eignasjóði sem fá óbreyttan húsnæðisstuðning frá Reykjavíkurborg.

Umsóknum þarf að fylgja yfirlit yfir tekjur á síðasta ári borið saman við áætlaðar tekjur á þessu ári.

Umsókn um frestun leigu skal senda á póstfangið esr@reykjavik.is